

# Sel Enska 8. bekkur 2020 - 2021

---

Kennarar: Ásta Hlín Magnúsdóttir; Þórir Brjánn Ingvarsson

8

## Lýsing

Námsþættir í ensku eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

## Markmið:

Að nemendur:

- öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli.
- nái leikni í að beita málinu í frásögnum og samskiptum.
- geti notað málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

## Námsefni:

- Spotlight 8, les- og vinnubók
- Lestrabækur
- Smásögur
- Verkefni frá kennara
- Myndbönd
- Ýmsir miðlar

## Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum. Horfa á myndbönd, hlusta á ýmsar frásagnir, lesa stuttar skáldsögur og skrifa ritgerðir. Einnig taka þau þátt í umræðum og afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum.

## Námsmat:

Verkefni, kannanir og vinnubrögð eru metin út frá hæfniviðmiðum námsgreinarinnar. Nemendur fá upplýsingar í upphafi hvers verkefnis hvaða hæfniviðmið verða metin hverju sinni og hvaða kröfur kennari gerir til nemenda. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og matið birtist reglulega á hæfnikorti nemenda á mentor.

### SEL Enska 8. bekkur 2020-2021 - Hlustun

- Hlustað eftir einstökum atriðum eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf.

### SEL Enska 8. bekkur 2020-2021 - Lesskilningur

- Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða.
- Aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið og sýnt fram á skilning á smásögum og styttri skáldsögum.
- Sýnt fram á skilning á almennum orðaforða og nýtt sér hann í myndun málsgreina.

### SEL Enska 8. bekkur 2020-2021 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.

### SEL Enska 8. bekkur 2020-2021 - Frásögn

- Sagt frá eða lýst ákveðnum hlutum.
- Tjáð sig nokkuð skipulega með undirbúið efni.

### SEL Enska 8. bekkur 2020-2021 - Ritun

- Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir.
- Skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.
- Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt.
- Sýnt fram á þekkingu á grunnreglum í málfræði.
- Sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða.

## SEL Enska 8. bekkur 2020-2021 - Náms hæfni

- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og farið eftir fyrirmælum.
- Beitt á sanngjarnan hátt sjálfsmati og jafningjamati.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit og leitarforrit.